NÁMSGREIN: ENSKA
KENNSLUYFIRLIT - 8. BEKKUR

Kennsluhættir: Innlögn frá kennara, ritun, frásagnir, hlustunaræfingar, samtalsæfingar, samvinna, lestur og vinna í námsbókum, leikir.
Námsþættir: Lesskilningur, orðaforði, yndislestur, ritun, samræður, frásagnir, gagnvirkar æfingar á netinu, málfræði og stafsetning.
Námsmat: Leiðsagnarmat og próf.

Námsgögn: Spotlight 8 lesbók og vinnubók, hlustunaræfingar sem fylgja Spotlight 8, frjálslestrarbækur af bókasafni, kennsluvefir.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Kennt í lotum.	Lesskilningur	Lesið í og hlustað á Spotlight 8 og unnið í vinnubók. Tilfallandi textar, þegar það á við.	Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu. Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. Lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.		Orðflokkar (parts of speech), s.s. nouns (regular plural/irregular plural), (proper/common) verbs (present simple, present continuous, past simple, past continuous, -ing ending, helping verbs), adjectives (positive/comparative/superlative) definite/indefinite articles, pronouns (possessive/demonstrative), question words, apostrophe.
Kennt í lotum.	Ritun	Umfjöllunarefni í ritun er tengt textum eða málfræðiþáttum í Spotlight 8. Einnig eru ýmsar kveikjur svo sem á myndum, orðalistum eða myndböndum. Stundum frjáls ritun.	Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta. Samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. Skrifað einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.		Orð sem tengjast ritun, s.s. connectives, paragraphs, punctuation, context, dialogue, draft, essay, fiction, non-fiction, genre, short story, plagiarism, plot, content.
Kennt í lotum.	Frásögn	Valbækur af bókasafni lesnar. Fréttir lesnar á netinu. Nemendur segja frá efni bókanna, fréttanna og eigin hugðarefnum.	Undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel. Beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi. Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.	Leiðsagnarmat	Orðaforði í Spotlight 8, lesbók.

			Flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra.		
Kennt í lotum.	Hlustun		Hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu. Skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu	Próf	Orðaforði í völdum yndislestrarbókum.
	Menningarlæsi		Sýnt að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.	Leiðsagnarmat	